

ðæminu fer því á flót, að samþykkt verði, að hann hafi veitt Friðriki Pjeturssyni 40 rd. eptirgjöf á afgjaldi jarðarinnar Syðri-Reystará fardagaárið 1873—74 sem þóknun fyrir að hann hefði í fardögum 1874 staðið upp af jörð þessari fyrir sóknarprestinum að Möðruvallaprestakalli sira Davíð Guðmundssyni, og að nefnd jörð verði útlögð prestinum í tjeðu embætti, sem ljensjörð eptirleiðis — hefur herra landshöfðinginn í þóknanlegu bræfi frá 14. apríl síðastliðins, eptir að hafa leitað álits stiptsyfirvaldanna um þetta mál, aðhyllt tillögur þeirra um hið síðara atriði, og skotið því til ráðgjafans, hvort ástæða gæti verið til að samþykkja eptirgjöf þá, sem ræðir um í fyrra atriðinu.

Fyrir þessa sök skal til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar þjónustusamlega tjáð, að ráðgjafinn fallist á, að jörðin Syðri-Reystará leggist sóknarprestunum að Möðruvallaklaustri til ábúðar gegn því, að þeir greiði hin árlegu leigugjöld eptir hana í umboðssjóð Möðruvallaklausturs, og hefur þar að auki eptir atvikum virzt vera heimild til að láta 40 rd. eptirgjöf þá á afgjaldi Friðriks Pjeturssonar eptir nefnda jörð fardagaárið 1873—74, sem átt hefur sjer stað, vera óraskaða; en ráðgjafinn óskar, að amtmanninum yfir norður- og austurumdæminu verði greinilega tjáð, að konungsbrjef frá 18. apríl 1761 ekki, eins og hann virðist hafa ætlað, leggi hinu opinbera neina skyldu á herðar til að sjá um, að prestar fái ábyl-sjörð, ef engin slík jörð er lögð viðkomandi embætti; eigi heldur er í konungsbrjefinu gengið út frá því, að bóndi sá, sem stendur upp af jörð fyrir presti, eigi að hafa aðra þóknun fyrir þetta en endurborgun festugjaldsins, hafi slíkt gjald verið greitt.

Þetta er hjer með tjáð yður, herra amtmaður, til þóknanlegrar leiðbeiningar og birtingar.

Auglýsing.

Í sambandi með auglýsingu minni frá 14. apríl þ. á. (stjórnartíð. B. 1875—26), skal hjermeð birt almenningi, að fjárhagsstjórn ríkisins samkvæmt bræfi ráðgjafans fyrir Ísland frá 19. f. m., hefur tjáð sig fúsa á að meðtaka til útgöngu þessa árs hina schlesvig-holsteinsku spesíupeninga, sem landfógetinn sendir henni. Fyrir því skal skorað á þá, sem eigi geta skipt hjá landfógetanum birgðum sínum af schlesvig holsteinskum spesíupeningum (áttskildingum, mörkum, tvímörkum, fermörkum, áttmörkum og spesíum þeim, sem taldar eru í fyrnefndri auglýsingu), innan loka þessa mánaðar, að gera þetta sem allra fyrst, síðast innan 23. nóvembermánaðar þ. á., þá er póstskipið mun vera að búa sig af stað frá Reykjavík í síðasta sinni í ár.

Landshöfðinginn yfir Íslandi, Reykjavík, 22. júlí 1875.¹

Hilmar Finsen.

Jón Jónsson.

Ráðgjafaskipti:

Samkvæmt allraþegnsamlegastri beiðni hefur hans hátign konunginum þóknast hinn 11. dag júnímán. allramildilegast að veita ráðgjafa sínum fyrir Ísland, dómsmálaráðgjafa ríkisins og varadómara í hæzta-

1) 23. júlí var lagt fyrir landfógetann að senda aðalríkisjóðnum hina schlesvig holsteinsku spesíupeninga, sem samkvæmt þessari auglýsingu kæmu inn í jarðabókarsjóðinn, með fyrstu póstferð, eptir að peningarnir eru greiddir, síðast með 7. ferð hjeðan á þessu ári.